



Sjúkraliðafélags Íslands

Reykjavík 14. desember 2012

Ályktun kjaramálanefndar Sjúkraliðafélags Íslands

Fundur kjaramálanefndar Sjúkraliðafélags Íslands haldinn 14. desember 2012 ályktar vegna umræðu um launakjör og vinnuálag innan heilbrigðiskerfisins. Kvennastéttir hafa dregist talsvert astur úr í launum. Samkvæmt rannsóknnum hefur álag aukist gríðarlega og er fyrir löngu komið að hættumörkum.

Það vekur sérstaka athygli að meðaltalshækkenum heildarlauna sjúkraliða frá október 2008 er einungis 8,7%, sem er mun lægra en meðaltal stéttar innan BSRB. Þetta er með öllu óásettanlegt og sýnir í hnottskurn þann niðurskurð sem orðið hefur innan heilbrigðiskerfisins, þrátt fyrir margitrekuð loforð stjórnvalda um annað og leiðréttingu á kynbundnum launamun.

Sjúkraðliðar hafa á síðustu árum gengið í gegnum og tekið þátt í gríðarlegum breytingum á störfum sínum og starfskjörum vegna niðurskurðar og aðhalds. Breytingarnar hafa leitt til fækkunnar starfa, minna starfshlutfalls, mikillar kjaraskerðingar, aukins álags og kulnunar í starfi.

Sjúkraliðar áskilja sér fullan rétt til að fara fram á leiðréttingu launa, hvort sem það verður í gegnum breytingu á stofnanasamningi eða með óþrum hætti.

Sjúkraliðar sagna yfirlýsingu velserðaráðherra sem nýverið kom fram í fjölmöldum og lýsti yfir að tímabert væri að leiðréttu launakjör nokkurra stéttu, þar á meðal sjúkraliða og yrði það eitt að verkefnum næstu mánaða.

Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands hvetur ráðherra til að standa við orð sín og leiðréttu kjör heilbrigðisstéttu sem sannanlega standa höllum fæti vegna mikils álags og lélegra kjara.

F.h. Sjúkraliða

Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín A. Guðmundsdóttir